

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands**

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands þann 11. júní 2020.

Frá Starfsgreinasambandi Íslands mættu Björn Snæbjörnsson, Kolbeinn Gunnarsson, Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir og Flosi Eiríksson. Frá SNS mættu Benedikt Valsson, Berglind Eva Ólafsdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Félagsmannasjóður

Í gildandi kjarasamningi aðila er ákvæði um Félagsmannasjóð. Launagreiðandi greiðir mánaðarlega framlag í sjóðinn sem nemur 1,5% af heildarlaunum félagsmanna.

Niðurstaða:

Samstarfsnefndin hefur orðið ásátt um eftirfarandi framkvæmd með umsýslu sjóðsins. Starfsgreinasambandið mun halda utan um rekstur sjóðsins. Upplýsingar um kennitölu og reikningsnúmer sjóðsins verða sendar til sveitarfélaga innan fárra daga.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.